

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum götum:

1. Rauðarárstíg austan megin götunnar frá Laugavegi að Miklubraut.
2. Barónsstíg vestan megin, milli Skúlagötu og Hverfisgötu.
3. Bergstaðastræti frá Skólavörðustíg að Hallveigarstíg, báðum megin götunnar, og frá Hallveigarstíg að Spítalastíg vestan megin götunnar.
4. Frikirkjuvegi vestan megin götunnar.
5. Klapparstíg austan megin götunnar.
6. Snorrabraut við eyjarnar á miðri götunni, milli Hverfisgötu og Flókagötu.
7. Vatnsstíg vestan megin götunnar.
8. Vonarstræti milli Lækjargötu og Templarasunds.
9. Ægisgötu við Slippinn.
10. Garðastræti vestan megin götunnar frá Vesturgötu að Túngötu.
11. Ingólfsstræti milli Lindargötu og Skúlagötu austan megin götunnar.
12. Á Hringbraut austan Bræðraborgarstígs og Rauðarárstígs austan megin götunnar milli Hverfisgötu og Skúlagötu eru bannaðar stöður vörubifreiða, sem eru yfir 1 smálest að burðarmagni, og fólksbifreiða, 10 farþega og þar yfir.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. desember 1957.

Sigurjón Sigurðsson.

SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Samkvæmt tilkynningu frá brezka sendiráðinu, dags. 2. janúar, hefur Michael Fowler Cullis, C.V.O., verið útnefndur upplýsingafulltrúi við sendiráðið með búsetu í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 3. janúar, hefur Kenneth W. Linde verið útnefndur sem 2. sendiráðsritari og vararæðismaður Bandaríkjanna hér á landi.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna hefur Charles M. Gage verið skipaður þriðji sendiráðsritari við sendiráðið.

9. janúar var Kenneth W. Linde, sendiráðsritara, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem vararæðismaður við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Ráðstjórnarríkjanna hefur Nikolai Bondarev tekið við störfum sem 1. sendiráðsritari við sendiráð Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 18. janúar, hefur Peter J. Heller verið skipaður attaché við sendiráðið.